



Reykjavík, 13. janúar 2025
VEL25010021

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Breytingar á leiguverði Félagsbústaða*

Lagt er til að samþykkt verði að hækka leigu Félagsbústaða um 1,5% frá og með 1. maí 2025.

Greinargerð:

Um er að ræða nauðsynlega hækkun til að halda rekstri félagsins í jafnvægi til skamms tíma á meðan verður unnið að frekari útfærslu á öðrum tillögum.

Hækkun leigu um 1,5% skilar Félagsbústöðum á ársgrundvelli 53,6 m.kr. Til mótvægis dragi Félagsbústaðir úr kaupum á íbúðum úr 82 íbúðum í 50 íbúðir sem er 1,6% stækkun á safninu, sem er sambærilegt við áætlaða íbúðapróun í borginni. Felur það í sér að fjárfestingaáætlun lækkar um 2.103 m.kr., þ.e. úr 5.951 m.kr. í 3.848 m.kr. til að draga tímabundið úr fjárförf á meðan unnið er að breytingum á viðskiptalíkani félagsins.

Hækkun leigu um 1,5% nemur að meðaltali tæplega 2.737 kr. á mánuði pr. leigjanda. Kostnaður Reykjavíkurborgar er óbreyttur að sinni.



Reykjavík